



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Ísafjörður, 31. janúar 2020  
2014090019

**Efni:** Stjórnsýslukæra nr. 66/2019 varðandi óleyfisframkvæmdir í friðlandinu á Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Vísað er til erindis úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 18. júlí 2019, þar sem Ísafjarðarbæ var veittur kostur á að tjá sig um fram komna kröfu, sem bæði er að því er virðist ódagsett og óundirrituð, þar sem kærðar voru óleyfisframkvæmdir í friðlandinu á Látrum í Aðalvík í Norður-Ísafjarðarsýslu („kæran“). Erindið barst sveitarfélaginu með tölvupósti þann 19. desember sl., og var svarfrestur ótilgreindur.

Kæran skiptist samkvæmt efni sínu í tvo hluta; annars vegar „óleyfisbygging í friðlandinu á Látrum er gengur undir nafninu Sjávarhúsið (fastanúmer 225-0347)“ og hins vegar „óleyfisbyggingar í fjörukambinum á Látrum er kallast geymsluhúsnæðin.“ Er hér gert ráð fyrir því að kærandi sé Miðvík ehf. (einnig nefnt „kærandi“), þótt það komi ekki skýrlega fram í gögnum málsins. Þá er ekki frekari rökstuðningur í kærinni sjálfri, en með henni fylgja aftur á móti ýmis fylgigögn og eldri samskipti vegna málsins. Að mati Ísafjarðarbæjar má færa rök fyrir því að kæran uppfylli af þessum sökum tæpast skilyrði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, en þar segir að kæra til nefndarinnar skuli vera skrifleg og undirrituð, auk þess sem þar skal koma fram hver er kærandi, hvaða ákvörðun eða ætlað brot á þátttökurétti almennings er kært, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Eru þessi atriði að mati sveitarfélagsins ekki uppfyllt. Kemur til að mynda ekki fram í kærinni nákvæmlega hvaða kröfur eru gerðar eða á hvaða grundvelli. Þá virðist a.m.k. hluti kærunnar varða mál, sem enn er til meðferðar hjá Ísafjarðarbær, svo sem nánar greinir hér að aftan. Allt framangreint telur Ísafjarðarbær leiða til þess að óhjákvæmilegt sé að vísa kærinni frá.

Taki úrskurðarnefndin þrátt fyrir þetta kærana til efnislegrar meðferðar áréttar Ísafjarðarbær þá afstöðu, sem áður hefur komið fram í samskiptum við kæranda, að sveitarfélagið telur að það sé ekki hlutverk þess eða byggingarfulltrúa að leysa úr einkaréttarlegum ágreiningi aðila. Telji aðili að á sér hafi verið brotinn réttur er að mati sveitarfélagsins nærtækara að viðkomandi nýti sér þau einkaréttarlegu úrræði, sem standa til boða, til að fá þeim rétti sínum framgengt, s.s. með því að bera ágreininginn undir dómstóla til endanlegrar úrlausnar.



# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Að öðrum kosti ítrekar Ísafjarðarbær þau sjónarmið sem þegar hafa komið fram í málinu í samskiptum við kæranda varðandi annars vegar framkvæmdir við svonefnt Sjávarhús og hins vegar byggingar í fjörukambinum á Látrum.

Að því er varðar viðbyggingu við fyrrnefnt Sjávarhús, sem stendur á jörðinni Látrum, vísar Ísafjarðarbær til fyrri samskipta, sbr. t.d. bréf dags. 18. janúar 2019 til kæranda, þar sem meðal annars segir að leitað yrði eftir afstöðu annarra eigenda jarðarinnar Látra. Að fengnum athugasemdum Miðvíkur, eigenda Sjávarhúss og Ólafshúss, sem og eigenda jarðarinnar sjálfrar mun Ísafjarðarbær taka afstöðu til kröfu Miðvíkur í þessum efnunum. Liggur því fyrir að málið er enn til meðferðar hjá sveitarfélaginu og að ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun í því.

Hvað varðar áhaldahús eða smáhýsi í fjörukambi, þá áréttar Ísafjarðarbær að afstaða sveitarfélagsins, þ. á m. um að áhaldahúsin séu undanþegin byggingarleyfi, sbr. g. liður gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar nr. 112/2012, er óbreytt. Hefur sveitarfélagið n.t.t. hafnað kröfu kæranda um að svonefnd áhaldahús eða smáhýsi í fjörukambi verði fjarlægð og hefur sú afstaða ekki breyst. Þá bendir sveitarfélagið á að ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og byggingarreglugerðar nr. 112/2012, um þær ráðstafanir sem byggingarfulltrúi getur gripið til t.d. ef mannvirki eru reist án tilskilinna leyfa, fela í sér heimildir byggingarfulltrúa. Í þeim felst ekki skylda byggingarfulltrúa til að t.d. stuðla að því að mannvirki sé fjarlægð af þeirri ástæðu, og þótt fyrir liggi að það hafi verið reist án byggingarleyfis. Við mat byggingarfulltrúa á því hvort þessum heimildum skuli beitt koma margvísleg atriði til skoðunar, þ. á m. sá tími sem er liðinn frá því að mannvirki var reist, réttmætar væntingar eigenda þess og sjónarmið um að ekki skuli raska verðmætum án fullnægjandi tilefnis.

Þá er loks til þess að líta að sama ágreiningi hefur áður verið vísað til úrskurðar-nefndarinnar, sbr. úrskurð umhverfis- og auðlindamála, dags. 28. ágúst 2016 í máli nr. 116/2016. Vísast þar um eftir því sem við á.

Áskilinn er réttur til að koma á framfæri frekari rökum og málsástæðum á síðari stigum eftir því sem tilefni gefst til og lög leyfa.

Virðingarfyllst,  
  
ÍSAFJARÐARBÆR  
Axel Rodríguez Óverby  
- sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs -  
SVIÐSSTJÓRI